Fullgild rafræn undirskrift
KJARTAN GUÐMUNDSSON
2026-11-19 15:42:41 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
SIGRÍÐUR MAGNÚSDÓTTIR
2026-11-19 15:53:27 GMT
Ástæða: Undirskrift

Umhverfis- og orkustofnun

Benchmark Genetics Iceland hf.
Bæjarhrauni 14
Hafnarfjörður
Ísland

19. nóvember 2026, Reykjavík
UOS-3432

Efni: Reglubundið eftirlit þann 21. október 2026 hjá Benchmark Genetics Iceland hf.

Þann 21. október 2026 fór fram reglubundið eftirlit í Benchmark Genetics Iceland hf., Kollafirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Frávik komu fram er varða:

Frávik frá	Lýsing á fráviki	Staða á fráviki
gr. 3.4 í starfsleyfi	Frávikið var skráð: 21. október 2026 Losun mengunarefna í vatn yfir viðmiðunarmörkum *Losun fosfórs í viðtaka má ekki fara fram úr 7 kg og losun köfnunarefnis ekki fram úr 60 kg á tonn lífmassaaukningar á ári. Árið 2025 var losun fosfórs 9,17 kg á tonn og losun köfnunarefnis 109,6 kg á tonn, umfram mörk starfsleyfis.*	**Opið**
gr. 3.4 í starfsleyfi	Frávikið var skráð: 23. maí 2025 Losun mengunarefna í vatn yfir viðmiðunarmörkum *Losun fosfórs í viðtaka má ekki fara fram úr 7 kg og losun köfnunarefnis ekki fram úr 60 kg á tonn lífmassaaukningar á ári. Losun næringarefna árið 2024 var umfram mörk starfsleyfis.*	**Opið**
gr. 3.5 í starfsleyfi	Frávikið var skráð: 21. október 2026	**Opið**

	Við útrás þar sem fráveituvatni er veitt í viðtaka má ekki vera set, útfellingar, þekjur af rotverum, olía, froða, sorp eða aðrir aðskotahlutir, eða efni sem veldur óþægilegri lykt, lit eða gruggi. *Rekstraraðili skal tryggja fullnægjandi hreinsun frárennslis og má það ekki innihalda set, útfellingar eða aðra aðskotahluti. Fóðurleifar voru í fráveituskurði við sýnatökustað 2, sem leiðir í tjörn og þaðan til sjávar.*	

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en **11. desember 2026.**

Virðingarfyllst,

Kjartan Guðmundsson
Sérfræðingur í teymi eftirlits

Sigríður Magnúsdóttir
Sérfræðingur í teymi eftirlits